

## Fundur í skólaráði Snælandsskóla 20. nóv. 2019

Mættir: Arna Björk Þórðardóttir og Brynja Rut Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Margrét Thoroddsen fulltrúi kennara og Magnea Einarsdóttir skólastjóri.

Fulltrúar nemenda í nemendafélagi skólans sátu fundinn. Byrjað var á að kynna hlutverk skólaráðs fyrir þeim.

Nemendur voru spurðir út í skólastarfið og komu nokkrar ábendingar fram hjá þeim m.a. ósk um að IGLÓ væri oftari með opnun í hádegisfrímínútum. Þá fjallaði Magnea um vinnu sem er í gangi um að gera Snælandsskóla að Unicef skóla og hvatti nemendur til að hafa áhrif á skólastarfið með því að koma tillögum áleiðis til skólastjórnenda og hlusta eftir röddum annarra nemenda í skólanum. Loks ræddi hún um mikilvægi þess að virða náungann og sýna öllum tillitsemi og virðingu í skólanum sem og annars staðar.

Eftir að nemendur yfirgáfu fundinn var aðeins rætt um skólastarfið í vetur og hversu vel það hefur farið af staði þrátt fyrir mikil forföll í starfsmannahópnum sem gera róðurinn þyngri.

Þá kom til tals að foreldrum finnst áberandi hvað dregur úr ásókn í bekkjarkvöld um leið og nemendur koma upp á unglíngastig þar sem innan við helmingur nemenda tekur þátt og um leið verður það algengara að nemendur mæti án foreldra.

Fundi slitið.

Brynjar Ólafsson, ritari